

2. gr.

Heimilt er að verðtryggja skuldabréf þau og spariskírteini, sem gefin verða út skv. 1. gr., með því að binda vexti af þeim og afborganir vísitölu.

Um lánstíma, vexti og önnur lánskjör, svo og fyrirkomulag verðtryggingar, fer eftir ákvörðun fjármálaráðherra.

3. gr.

Ríkisskuldabréfin og spariskírteinin, sbr. 1. gr., svo og vextir af þeim og verðbætur, skulu undanþegin framtalsskyldu og skattlagningu á sama hátt og sparifé, sbr. 21. gr. laga nr. 55/1964.

4. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt að gefa út ný ríkisskuldabréf eða spariskírteini skv. ákvæðum 2. gr. eftir því sem á þarf að halda í stað þeirra, er upphaflega verða útgefin skv. ákvæðum í 1. gr. að viðbætti áfallinni verðlagsuppbót.

5. gr.

Fjármálaráðherra er heimilt fyrir hönd ríkissjóðs að taka vörukaupalán hjá ríkisstjórn Bandaríkjanna (P.L. 480 lán) allt að \$ 1.500 þús. Heimilt er að verja þeim hluta lánsins, sem er andvirði fóðurvörukaupa, eða allt að 32 millj. kr., til Framkvæmdasjóðs Íslands til endurlána í þágu kornhlöðubyggingar í Reykjavík.

6. gr.

Heimilt er Áburðarverksmiðju ríkisins að taka erlent lán að jafnvirði allt að 115 millj. kr. vegna stækkunar verksmiðjunnar.

7. gr.

Lánsfé því, sem aflast með sölu ríkisskuldabréfa eða spariskírteina skv. 1. gr., með endurgreiðslum af áður útgefnum spariskírteinalánum og með P.L. 480 láni skv. 5. gr., sbr. þó 2. málslíð þeirrar gr., skal verja sem hér segir:

	Millj. kr.
Reykjanesbraut	27.2
Vegaframkvæmdir skv. Vestfjarðaáætlun	11.8
Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi	12.0
Landshafnir	8.6
Rafmagnsveitur ríkisins	35.0
Rafvæðing í sveitum	15.0
Jarðvarmaveitur ríkisins	18.2
Orkurannsóknir	19.0
Laxárvirkjun	55.0
Landsvirkjun, stofnframlag	41.0
Áburðarverksmiðja ríkisins	55.0
Jarðefnaleit	2.0
Sjóefnarannsóknir	2.0
Framkvæmdir á Keldnaholti	15.0
Bygging lögreglustöðvar í Reykjavík	10.0
Byggingaframkvæmdir á vegum Háskóla Íslands	30.0

Samtals 356.8

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í fylgiskjali með fjárlagafrumvarpi ársins 1970 voru lögð fram drög að framkvæmda- og fjáröflunaráætlun fyrir það ár. Þessi áætlun hefur nú verið endurskoðuð af Seðlabankanum, Efnahagsstofnuninni og fjárlaga- og hagsýslustofnun og nokkrar breytingar gerðar í ljósi nýjustu upplýsinga um mögulega fjáröflun og framkvæmdaþörf. Er nánar gerð grein fyrir einstökum framkvæmdum í athugasemdum við 7. gr. frumvarps þessa. Samkvæmt þessari endurskoðun hefur komið í ljós, að fjáröflunaráætlunin mun geta hækkað í 295 millj. kr., eða um 35 millj. kr. Aukning fjár til ráðstöfunar af áður útgefnum spariskirteinalánum nemur 60 millj. kr., en P. L. 480 lán til opinberra framkvæmda lækkar um 25 millj. kr. Ráðgerðar framkvæmdir hækka í heild um 72 millj. kr. og verða tæplega 357 millj. kr., vegna þess að við hafa bætt nokkur verkefni, sem nauðsynlegt er að sinna, þ. e. vegna Landsvirkjunar 41 millj. kr., jarðvarmaveitna ríkisins til borana og tenginga við Námafjall röskegga 18 millj. kr., rafvæðingar í sveitum 15 millj. kr. og ólokinnna vegna framkvæmda á Vestfjarðaáætlun tæplega 12 millj. kr., og loks nema minni háttar hækkanir á nokkrum framkvæmdum frá fyrri áætlun samtals 10 millj. kr. Hins vegar lækkar kostnaðaráætlun um stækkun Áburðarverksmiðju ríkisins um 15 millj. kr. og lánsfjárbörf vegna Reykjanesbrautar um því nær 9 millj. kr. vegna breytingar á lausaskuldum í lán til langs tíma.

Samkvæmt áætlun Seðlabankans munu endurgreiðslur af áður útgefnum spariskirteinum, sem hafa verið endurlánuð, verða samtals 160 millj. kr. á árinu 1970, sem er 80 millj. kr. hækkun frá fyrra ári. Ný spariskirteinalán eru áætluð 75 millj. kr. eða sama fjárhæð og 1969 og nýting P. L. 480 lántöku til opinberra framkvæmda 60 millj. kr., en það er 10 millj. kr. lægri fjárhæð en í fjáröflunaráætlun ársins 1969. Gert er ráð fyrir, að af áætlaðri P. L. 480 lántöku muni rösklega tveir þriðju hlutar nýtast, og myndi þá hluti af andvirði fóðurvörukaupa renna til fyrirhugaðrar byggingar kornhlöðu við Sundahöfn. Samtals hækkar fjáröflun eftir þessum þremur leiðum um 70 millj. kr. frá 1969 og verður 295 millj. kr., eins og fyrr greinir.

Svo sem fram hefur komið er kostnaður við fyrirhugaðar framkvæmdir áætlaður samtals 356.8 millj. kr., en það er 61.8 millj. kr. hærri fjárhæð en ofangreindri fjáröflun nemur. Í fyrri áætlun, sem fylgdi fjárlagafrumvarpi 1970, voru óleyst fjárhagsvandamál af þessu tagi 25 millj. kr. Þar sem telja verður líklegt, að nokkur hluti framkvæmdanna frestist til næsta árs, vegna þess að undirbúningi er ekki nægilega langt komið, mun þessi mismunur lækka allverulega, en ríkisstjórnin mun þetta sér fyrir nauðsynlegri viðbótarfjáröflun, ef á þarf að halda.

Um 1. gr.

Hér er leitað heimildar til fjáröflunar með verðbréfaútgáfu á sama hátt og undanfarin ár. Er gert ráð fyrir, að ný verðbréfaútgáfa nemi 75 millj. kr., sem er sama fjárhæð og á s. l. ári.

Um 2.—4. gr.

Þessar greinar fela í sér sömu ákvæði um lánskjör og skattalega meðferð og jafnan hafa fylgt spariskirteinum ríkissjóðs.

Um 5. gr.

Í greininni er farið fram á heimild til allt að \$1.500 þús. vörukaupaláns, svo nefnds P. L. 480 láns, á sama hátt og undanfarin ár. Þá er leitað heimildar til þess, að andvirði fóðurvörukaupa, eða allt að 32 millj. kr., sé ráðstafað til Framkvæmdasjóðs Íslands, er endurláni féð til byggingar kornhlöðu við Sundahöfn. Allmiklar líkur eru á því, að sá hluti væntanlegs lánsamnings, er tekur til fóðurvörukaupa, mundi að óverulegu leyti nýtast, ef ekki kæmi til áður nefnd kornhlaða, og á sama hátt stuðlar hið aukna geymslurými ósekkjaðrar fóðurvöru að bættri nýtingu P. L. 480 samninga í framtíðinni.

Um 6. gr.

Samningar um vélakaup o. þ. h. í sambandi við stækkun Áburðarverksmiðju ríkisins eru nú á lokastigi, og er hér leitað heimildar til lántöku að jafnvirði allt að 115 millj. kr., er hinn erlendi tilboðsaðili býður. Nauðsyn er sérstakrar heimildar í þessu skyni vegna ákvæða í lögum um Áburðarverksmiðju ríkisins.

Um 7. gr.

Reykjanesbraut. Fjáröflun til Reykjanesbrautar fer til endurgreiðslu skulda, sem á henni hvíla. Eru þessar endurgreiðslur að meðtalinni áætlaðri vísitöluhækkun samtals 54.6 millj. kr. á árinu 1970. Til að standa undir endurgreiðslunum er veggjald, sem að frádregnum innheimtukostnaði nemur 15.0 millj. kr., framlag úr vegasjóði 6.8 millj. kr., og innstæða frá fyrra ári, sem myndaðist við breytingu lausaskulda í föst lán til langs tíma, 5.6 millj. kr. Fjárvöntun er því 27.2 millj. kr.

Vegaframkvæmdir skv. Vestfjarðaááætlun. Enn er nokkru ólokið af vegafamkvæmdum skv. Vestfjarðaááætlun vegna aukins kostnaðar, sem stafar annars vegar af óhagstæðum vinnuskilyrðum á síðasta ári og hins vegar af verðlagshækkunum. Til þess að ljúka framkvæmdum skv. áætluninni skortir 11.8 millj. kr. að áliti vegamálastjóra.

Hafnarfjarðarvegur í Kópavogi. Byggingarnefnd vegarins hefur lagt fram tillögur um framkvæmdir á árunum 1970—1972, þar sem 17.5 millj. kr. kæmu á árið 1970, 12.5 millj. kr. á árið 1971 og 8.3 millj. kr. á árið 1972. Er hér um fulla fjárvöntun að ræða. Með þessari áætlun er stefnt að því að koma vegbrúnni á Digranesvegi (yfir Hafnarfjarðarveg) til nota á þessu ári, en annarri akbrautinni í veggjónni innan tveggja ára. Til þess að standa við gefin fyrirheit af hálfu ríkisins þarf að afla 12.0 millj. kr. innan þessarar áætlunar á árinu 1970, og auk þess mun stuðlað að lánsfyrirgreiðslu fyrir Kópavogskaupstað vegna þeirra 5.5 millj. kr., sem á vantar til áfanga ársins.

Landshafnir. Ráðgert er að afla fjár til nauðsynlegrar viðgerðar í Þorlákshöfn að fjárhæð 3.1 millj. kr., en á s. l. ári kom fram skemmd á hafnargarði þar. Þá er ráðgerð dýpkun í Njarðvík fyrir 4.0 millj. kr. og þar að auki grjótstyrking og ýmis smáverk að fjárhæð samtals 1.3 millj. kr. Loks er fjárvöntun til greiðslu áfallinnar skuldar á Rífi 0.2 millj. kr., og nemur heildarfjárbörf vegna landshafnanna því samtals 8.6 millj. kr.

Rafmagnsveitur ríkisins. Fyrirhugaðar framkvæmdir Rafmagnsveitna ríkisins eru svipaðar að magni og undanfarin ár. Engar meiri háttar framkvæmdir eru á döfinni í ár, heldur fyrst og fremst línulagnir, sem ætlaðar eru til að færa út veituvæði vatnsvirkjana, svo og til að styrkja dreifikerfin. Sveitarafvæðing, sem Rafmagnsveitur ríkisins annast framkvæmd á, nemur 30.1 millj. kr. skv. fjárlagaáætlun, en þar af greiðast 3.0 millj. kr. af heimtaugagjöldum. Framkvæmdir við innanbæjarkerfi eru áætlaðar 9.0 millj. kr. og eigna- og tækjakaup 3.0 millj. kr. Aðrar framkvæmdir, alls að fjárhæð 51.5 millj. kr., sundurliðast í aðaldráttum þannig: tenging Kópaskers við Laxárvirkjun 19.0 millj. kr., tenging Stykkishólms við Rjúkandavirkjun 7.0 millj. kr., styrking dreifikerfa Húnavatnssýslu, Suðurlands og víðar 9.8 millj. kr., ýmsar aðgerðir til orkuöflunar og tengingar 9.7 millj. kr., og riðbreytistöð á Keflavíkurflugvelli (1. árs greiðslur) 6.0 millj. kr. Alls yrðu þá framkvæmdir, að meðtalinni sveitarafvæðingu skv. fjárlögum, að upphæð 93.6 millj. kr. Ætlað er til, að fjárfesting Rafmagnsveitnanna sjálfra, 63.5 millj. kr., sé fjármögnuð sem hér segir: Lán skv. framkvæmdaáætlun 35.0 millj. kr., sérstakt lán vegna riðbreytistöðvar 6.0 millj. kr. og heimtaugagjöld úr þéttbýli 6.0 millj. kr. Þarf þá afgangurinn 16.5 millj. kr. að nást af afskriftafé úr rekstri, eða frestun einhverra framkvæmda að verða að öðrum kosti.

Rafvæðing í sveitum. Með þeirri 15 millj. kr. lánsfjáröflun til sveitaveitna, sem hér liggur fyrir, er ætlunin að flýta lúkningu rafvæðingar býla, þar sem meðal-fjarlægð milli býla, sem tengd eru veitum, er eigi meiri en 1.5 km. Miðað við að fjárveiting 1971 verði svipuð og í ár ásamt heimtaugagjöldum, yrði, með nokkurri lánsfjáröflun til viðbótar, unnt að ljúka þessari rafvæðingu á því ári.

Jarðvarmaveitur ríkisins. Hér er um að ræða boranir og tengingar við Námafjall vegna gufuafllsstöðvar þar og Kísiliðju. Kostnaður við framkvæmdir þessar á árinu 1969 fór allmikið fram úr áætlun, og skortir nú annars vegar 5.3 millj. kr., sem aflað var til bráðabirgða á s. l. ári til að komast hjá stöðvun verksins, og hins vegar 3.6 millj. kr. til að ljúka framkvæmdum skv. áætlun 1969. Í ljós hefur komið, að með lúkningu ofangreindra framkvæmda verður ekki tryggt nægilegt gufuafll til gufuafllsstöðvarinnar og Kísiliðju, og ber nauðsyn til þess að bora eina virkjunarholu til viðbótar. Er áætlaður kostnaður 9.3 millj. kr., þannig að fjárvöntun vegna borana og tenginga við Námafjall nemur í heild 18.2 millj. kr. á árinu 1970.

Orkurannsóknir. Áætlanir Orkustofnunar um vatnsorku- og jarðhitarannsóknir hafa verið endurskoðaðar með tilliti til þess, hvað nauðsynlegt sé og hagkvæmt geti reynzt að framkvæma fyrir lánsfé á þessu ári. Er gert ráð fyrir, að auk fjárveitinga á fjárlögum verði varið 8.3 millj. kr. til vatnsorkurannsókna og 10.7 millj. kr. til jarðhitarannsókna, eða alls 19.0 millj. kr. af lánsfé framkvæmdaáætlunar. Á áætlun um vatnsorkurannsóknir eru, auk almenns rekstrar vatnsorkudeildar, frumrannsóknir ýmissa helztu valkosta vatnsorkuvirkjana á þýðingarmestu vatnasvæðum landsins, svo sem Þjórsársvæði, þ. m. t. Efra-Þjórsársvæði, Skaftárveita og Norðanveita, og vatnasvæðum Norður- og Austurlands. Áætlun um jarðhitarannsóknir miðast aðallega við rannsóknir á Námafjallssvæði vegna frambúðarþarfa Kísiliðjunnar, jarðgufuafllsstöðvar o. fl., 2.1 millj. kr., á Reykjanesi vegna væntanlegrar sjóefnaiðju, 4.5 millj. kr., og á Krisuvík—Trölladyngjusvæði vegna fullvinnslu sjóefna (magnesiums) og hugsanlegrar nýtingar á höfuðstaðarsvæðinu, 4.1 millj. kr.

Laxárvirkjun. Eins og kunnugt er, ríkir allmikil óvissa um fyrirhugaða Gljúfurversvirkjun, og á þessu stigi verður ekkert fullyrt um framvindu málsins. Engu að síður er hér gert ráð fyrir sömu fjáröflun og í drögum að framkvæmdaáætlun, er fylgdu fjárlagafrumvarpi 1970, eða 55 millj. kr., því að ljóst er að leysa verður orkuvandamál svæðisins með einhverjum hætti.

Landsvirkjun. Vegna fyrirhugaðra framkvæmda á vegum Landsvirkjunar hefur m. a. verið ákveðið að auka eigið fé fyrirtækisins með framlögum eignaraðila. Eykst framlag hvors aðila, ríkis og Reykjavíkurborgar, um 41 millj. kr. Framkvæmdir þær, sem hér um ræðir, eru fólgnar í miðlunarmannvirkjum við Þórisvatn, undirbúningsframkvæmdum vegna Tungnaárvirkjana, rannsóknum á Þjórsársvæðinu og kaupum þriggja vélasamstæðna vegna stækkunar Búrfellsvirkjunar.

Áburðarverksmiðja ríkisins. Fyrirhuguð er stækkun Áburðarverksmiðjunnar á þessu ári, og eftir að tilboð hafa borizt í vélar, tæki, verkfræðiþjónustu o. þ. h. ásamt lánskjörum, er sýnt, að fjárþörf umfram erlent lán verður 55 millj. kr. á árinu, en það er 15 millj. kr. lækkun frá fyrri áætlun, er fylgdi fjárlagafrumvarpi ársins 1970.

Jarðefnaleit. Hér er um að ræða frumleit að jarðefnum, sem Rannsóknaráð ríkisins hóf á s. l. ári. Á þessu ári er ráðgert að ljúka þeim frumrannsóknum, sem fram hafa farið á Suð-Austurlandi og beinast einkum að blýi og zinki. Áætlaður kostnaður umfram væntanlegt framlag frá Sameinuðu þjóðunum er 2.0 millj. kr.

Sjóefnarannsóknir. Horfur á hagkvæmni sjóefnavinnslu hafa verið nokkrum breytingum undirorpnar, m. a. vegna aðstæðna á markaði fyrir lítt unnin saltefni. Er því nauðsyn frekari rannsókna á framhaldsúrvinnslu saltefnanna áður en úr verður skorið um hagkvæmni framkvæmda vegna vinnslunnar. Áætlað er að verja 7.6 millj. kr. á næstu tveimur árum til þess að komast að niðurstöðu um þetta. Af kostnaðinum falla 3.5 millj. kr. á þetta ár, en ónotað fé frá fyrra ári nemur 1.5 millj. kr., og fjárvöntun á árinu því um 2.0 millj. kr.

Framkvæmdir á Keldnaholti. Kostnaðaráætlun um byggingu rannsóknastofnunar iðnaðarins nemur í heild 22 millj. kr. Þegar hefur verið framkvæmt fyrir 2.5 millj. kr., þannig að af lánsfjáröflun ársins 1969, 7.0 millj. kr., eru eftir 4.5 millj. kr. Ekki hefur reynzt unnt að afla meira lánsfjár til byggingarinnar en 13 millj. kr., en áætlað er, að örari greiðslur frá Happpdrætti Háskólans til byggingarsjóðs rannsókna í þágu atvinnuveganna geti brúað það bil, sem eftir stendur, eða 2 millj. kr. Að auki er ráðgerð 2.0 millj. kr. fjáröflun vegna kostnaðar við frystitæki til nota fyrir kalrannsóknir við Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

Bygging lögreglustöðvar í Reykjavík. Um s. l. áramót nam heildarkostnaður við byggingu lögreglustöðvarinnar um 70 millj. kr. Nokkur starfsemi hefur þegar flutzt í bygginguna, þ. e. umferðarlögreglan, innheimta sekta og að nokkru leyti lögregluskólinn. Þá hafa fangaklefar nýlega verið teknir í notkun þar. Áætlað er, að heildarkostnaður við að ljúka byggingunni nemi rösklega 41 millj. kr. til viðbótar, þar af 11 millj. kr. vegna húsrýmis, sem ekki er ætlað lögreglunni. Þannig vantar um 30 millj. kr. til að ljúka þeim hluta hússins, sem lögreglan mun fá til starfsemi sinnar, en á þessu ári er fjárveiting á fjárlögum 3.2 millj. kr. og ráðgerð lánsfjáröflun á þessari áætlun 10 millj. kr.

Byggingaframkvæmdir á vegum Háskólans. Ráðgert er að afla 30 millj. kr. lánsfjár til byggingaframkvæmda Háskólans til viðbótar því fé, er happdrættið leggur fram í þessu skyni. Þær byggingar, sem ráðizt mun í næst, eru lagadeildarhús, raunvísindadeildarhús og byggingar fyrir læknadeild og tannlæknadeild. Á þessu stigi er undirbúningi sumra þessara framkvæmda ekki svo langt komið, að líklegt megi telja, að framkvæmdir geti hafizt á þessu ári. Er því sýnt, að ekki muni þurfa á allri þessari fjáröflun að halda á árinu, einkum þegar þess er gætt, að happdrættisfé til byggingaframkvæmda er áætlað allt að 60 millj. kr. á árinu.